

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

632. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. janúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við félagsmálastjóra og fulltrúa félagsmálaráðs.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Erindi Eiríks Steinarssonar.
4. Bréf Menntamálaráðuneytisins.
5. Rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi.

Afgreiðslur:

1. Anna María Elíasdóttir, formaður félagsmálaráðs og Henrike Wappler, félagsmálastjóri eru mættar til viðræðna við byggðarráð. Farið var yfir bréf Jafnréttisstofu sem barst í lok síðasta árs. Fram kom að Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra hefur verið send Jafnréttisstofu eins og óskað var eftir. Jafnréttisáætlunin er jafnframt framkvæmdaáætlun um úrbætur í jafnréttismálum. Einnig var farið yfir atriði er snerta stöðu máls og undirbúning að flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og aðkomu félagsmálaráðs og sveitarstjórnar að því mikilvæga verkefni.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra mætti til fundarins. Rætt m.a. um framboð valgreina og stöðu grunnskólans til að veita þeim grunnskólanemendum sem lokið hafa námi skv. aðalnámsskrá grunnskóla námsefni við hæfi. Einnig farið yfir möguleika grunnskólanemenda til að stunda fjarnám á framhaldsskólastigi.
3. Fram lagt erindi Eiríks Steinarssonar v/ innheimtu tengigjalda og gatnagerðargjalda v/ viðbyggingar að Strandgötu 7 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um tiltekin atriði og leggja drög að svari við erindinu.
4. Fram lagt bréf Menntamálaráðuneytisins þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hafi samþykkt umsókn Húnaþings vestra um að úttekt verði gerð á Grunnskóla Húnaþings vestra en umsóknir þriggja sveitarfélaga þar um voru samþykktar í kjölfar auglýsingar ráðuneytisins. Úttektin mun fara fram á tímabilinu febrúar til apríl 2010.
5. Rætt um rekstur tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Sveitarstjóri lagði fram drög að auglýsingu þar sem rekstur svæðisins er boðinn til leigu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Sveitarstjóri lagði fram fundarboð fundar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Fundurinn verður haldinn á Hótel Blönduósi nk. miðvikudag, 27. janúar kl. 16:30. Byggðarráð hvetur sveitarstjórnarmenn til að sækja fundinn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:35

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).